

Öll viðhorf virt

Myndhöggvarar að Kjarvalsstöðum

Myndhöggvarafélagið í Reykjavík.
Skúlptúrásýning að Kjarvalsstöðum.

Þegar lítið er yfir íslenska myndlist á síðastliðnum einum og hálfum áratug þá leikur varla vafi á því að ný viðhorf innan hennar hafa aðallega orðið til innan vébanda tvennra samtaka, SÚM og Myndhöggvarafélagsins. Það er vitaskuld engin tilviljun að þessi tvö samtök skuli hafa verið samtaka að þessu leyti, því nýlistin svokallaða gekk ekki síst út á endurmat á forsendum þrívíðrar myndlistar og oft voru sömu menn að verki á vígstöðvum Myndhöggvarafélagsins og SÚM hópsins. Jafnvel mætti færa fyrir því rök að myndhöggvarar hafi plægt akurinn fyrir hinni eiginlegu starfsemi SÚM gallerísins með sýningum sínum 1967 og 1968.

Í sakramentinu

Myndhöggvarar hafa einnig verið til fyrirmyndar í íslensku listalífi fyrir það umburðarlyndi sem þeir hafa sýnt hver öðrum. Menn hafa ekki verið settir út af sakramentinu fyrir tilraunastarfsemi og andóf gegn viðteknum sjónarmíðum heldur hafa verið sýnt saman gegnum súrt og sætt. Á sýningum myndhöggvara hafa fólk getað gengið á milli brauðhleifa Kristjáns Guðmundssonar og granít-skúlptúra Sigurjóns Ólafssonar og verið í friði með skoðanir sínar.

Í þeim efnum hefur Ragnar Kjartansson verið driffjörður og mannasættir og á mikinn heiður skilinn. Frá 1972, er Myndhöggvarafélagið var formlega stofnað, hefur félagið svo unnið ótúlega að uppbyggingu á vinnuástandi að Korpúlsstöðum og nú hillir undir lokaáfangi þess starfs.

Tuttugu saman

En myndhöggvarar hafa einnig fundið sér tíma til að vinna að eigin verkum og að Kjarvalsstöðum stendur nú yfir samsýning tuttugu félagsmanna sem gefur nokkuð gott yfirlit yfir stöðuna í íslenskum skúlptúr.

Þó sakna ég nokkurra einstaklinga sem gert hefðu sýninguna enn ríkulegri, Ívars Valgarðssonar, Brynhildar Þorgeirsdóttur, Grétars Reynissonar, Guðjóns Ketilssonar og Páls Guðmundssonar. Strangt til tekið eiga listamenn úr öðrum greinum einnig heima á svona sýningu, t.d. Sigurður Guðmundsson með steypur sínar, Leifur Breiðfjörð með glerskúlptúra og Gunnar Örn með málada trédrumba sína. Mér virðist tími til kominn að efna til veglegrar yfirlitssýningar á íslenskum skúlptúr. Væri það verðugt framlag til Listahátíðar 1988.


En sú staðreynd að þessi sýning skuli, þrátt fyrir gloppur þær sem ég hef nefnt, vera svo ásjáleg og skemmtileg sem raun ber vitni, er í sjálfu sér vitnisburður um þá grósku sem nú ríkir í greininni.

Efniskennnd og efnisþörf


Eins og venjulega eru öll viðhorf virt. Þó er minna um verk í ný og torkennileg efni en á árum áður, svo og verk gerð undir merkjum láðlistar og/eða „process“ listar af ýmsu tagi. Huglæg gildi hafa vikið fyrir efniskennnd og efnisþörf. Ahorfandinn þarf ekki að klára verk í hugarum, heldur eru þau til lykta leidd í þeim efnivið sem notaður er hverju sinni.

„Regnbogi“ Rúriar er þarna undantekning, fallett verk sem gætt er þeirri ljóðrænu sem virðist einkenna svo mikið af íslenskri nýlist.

Ragnar Kjartansson er þarna helsti fulltrúi hins figúratífa expressjónisma, en verk Þorbjargar Pálsdóttur sýnir hinn táknræna anga hennar. Móðernisminn gengur aftur í „Dansi“ Sigrúnar Guðmundsdóttur og steinmyndum Gests Þorgrímssonar — en



Arni Páll — Herotica-Islandica, 1982.



Steinunn Þórarinsdóttir — Veruleikur, 1985.

tvö höfuð eftir hann komu fleirum en mér þægilega á óvart.

Líf á yfirborði


Þar í flokki eru líka lágmyndir Gunnsteins Gíslasonar, gerðar með

sgraffito (múrristu) tækni og skúlptúrar Hallsteins Sigurðssonar. Hvað þann síðarnefnda snertir, þykir mér nokkur stöðnun hafa átt sér stað í verkum hans hin síðari ár. Æftir virðist hann leita aftur fyrir þá járnsubuhefð sem verið hefur undirstaða bestu verka hans, aftur í gráan kúbisma og hefur þá ekki erindi sem erfiði. Bronsverk Helga Gíslasonar tilheyrja einnig evrópskum móðernisma, hinu hálf-figúratífa afbrigði hans sem rekja má allar götur til Rodins. En þrátt fyrir skilning listamannsins á efni sínu, bronsinu, og leikni hans í því að kveikja líf á yfirborði þess, er ég samt efins um hlutverk hins figúratífa í skúlptúr hans. Sá hluti þykir mér ekki nógu markviss í táknræni og tilfinningalegri skírskotun sinni.

Jón Gunnar Árnason er hér fyrir hönd síns eigin konstrúktífisma. „Skip“ hans, sem virðist samkvæmt ljósmyndum eiga að verða viðameira verk með seglum þöndum, er meðal áhrifamestu verka sýningarinnar, ekki síst vegna þess hve listamaðurinn hefur nýtt sér loftið fræga til endurkasts.

Ung í anda

Í „Hug-sjón“ sinni leggur Ragnhildur Stefánsdóttir einnig sitt hvað til hinnar konstrúktífu hefðar, en blandar hana með táknrænu. Líf-rænar myndir hennar úr steinleir eru



Jón Gunnar Árnason — Án titils, 1985.

annars eðlis og hafa ekki til að bera svipaðan slagkraft.

Verk Arna Páls, Björgvins Gylfa Snorrasonar og Þórs Elíasar Pálssonar eru svo í anda áttunda áratugsins. Hjá Arna Páli er Dada síungt, Björgvin Gylfi sýnist mér hafa tileinkað sér ýmsa táknmyndun og efnismeðferð Beuys (án þess þó að ég geri mér grein fyrir inntaki verks hans) og Þór Elías hefur sett saman bráðfallett verk úr

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson

myndbandi og massifum efnum. Velti ég fyrir mér hvort myndbandið eitt og sér hefði ekki komið útsetningu hans á sögunni um Apólló og Dafne til skila.

Mannsbúkar í meðferð

Nú á níunda áratugnum er ekki lengur tabú að taka mannsbúkin til meðferðar. Það gera og nokkrir þátttakenda á sýningunni, en með nýjum formerkjum eins og vænta mátti. Menn geta verið eillitíð spóskir, eins og Niels Hafstein í „Listlækningum“ sínum, hyllt söguhetjur myndablaðanna, eins og Þór Vigfússon gerir svo yndislega, látið gamminn geisa í

stórkaralegum „ný-expressjónisma“, eins og Sverrir Ólafsson, og bútað líkamann niður til að túlka innri sundrung, eins og gerist í skúlptúrum Steinunnar Þórarinsdóttur. Í fljótu bragði virðast verk Olafs Lárussonar einnig sverja sig í þessa ætt, en nánari kynni af þeim leiða í ljós að þau eru í beinu framhaldi af náttúrugjörningum hans. Í stað þess að jarðtengja sjálfan sig, hlutgervir hann hugmynd að gjörningi. Tveir listamenn hafa enn ekki verið nefndir, sökum þess hve sér á báti verk þeirra eru.


Hlutverk litanna

Grímur Marínó Steindórsson er sjálfærður logsuðulistamaður sem tekist hefur að meðhöndla járn nánast eins og leir. Einlægni verka hans, hin persónulega táknræna skírskotun þeirra og handbragðið, allt gerir þetta manni gott. Hansína Jensdóttir er meðal nýliða á sýningunni og leggur fram drög að samræmingu tvívíðra og þrívíðra forma. Tilraunin er ómaksins verð, en mér fannst listamaðurinn velkjast í vafa um hlutverk litanna í verki sínu.

Við þetta má svo bæta að vel unnin skrá fylgir sýningunni eins og endrænar þegar Myndhöggvarafélagið á í hlut.

-AI.

SAMFESTINGAR



Verð
aðeins
595,-

Litir:
blár,
hvítur,
orange.
Stærðir 48—58.

Póstsendum

VINNUFATABÚÐIN
MARKAÐUR SKÚLAGÖTU 26.

PÓSTSENDUM

— símar 11728 — 15425 — 28550.